

Mánudaginn 24. nóvembermán.

Nr. 25/1890.

Jón Jónsson Austmann

gegn

Birni Jónssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er í hjerði höfðað af stefnda ritstjóra Ísafoldar Birni Jónssyni, gegn áfrýjandanum Jóni Jónssyni Austmann í Engey, út af meidyrðum um hann í yfirlýsingu nokkurri, er áfrýjandinn og nokkrir menn aðrir hafa ritað nafn sitt undir og prentuð er í 4. tölublaði af aukaútgáfu blaðsins «Fjallkonunnar» 9. apríl p. á. og var málið dæmt í gestarjetti Kjósar- og Gullbringusýslu 2. ágúst p. á. svo, að áfrýjandinn skyldi greiða sekt til landssjóðs 20 kr. eða til vara sæta einföldu fangelsi í 7 daga; auk þess skyldi hann greiða stefnda í málskostnað 10 kr. og hin átöldu meidyrði skyldu vera dauð og marklaus.

Áfrýjandinn hefur krafizt þess hjer fyrir rjettinum, að hann verði algjörlega sýknaður af öllum kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað fyrir undir- og yfirdómi með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. Aptur á móti hefur stefndi krafizt þess, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að borga stefnda allan kostnað málsins fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins, að minnsta kosti 50 kr.

Í umgetinni yfirlýsingu í «Fjallkonunni» er skýrt svo frá, að í blaðinu Ísafold sje sagt frá drukknun tveggja nafngreindra manna á þann hátt, að «þeir muni ekki hafa verið meir en svo algáðir» er þeir drukknudu, en þeir, er undir yfirlýsingunni standa, áfrýjandinn og

nokkrir aðrir menn, «hyggja, að ritstjóra Ísafoldar hafi ekki verið kunnugra um það en þeim», er hafi verið á sama skipi og þeir er drukkuðu nokkru áður en slysið skeði, og lýsa þeir það síðan» lýgi, er Ísafold flytur um það, eins og frásögn bladsins um þennan atburð er yfir höfuð mjög ranghermd«. Síðar í yfirlýsingunni stendur og um greinda frásögn Ísafoldar: «Þessi álýgi Ísafoldar».

Hin tilfærðu orð «lýgi» og «álýgi», sem eptir sambandinu í yfirlýsingunni hlýtur að álitast beint að stefnda sem ritstjóra «Ísafoldar» og sem áfrýjandinn hefur ekki getað nægilega rjettlætt, verða að teljast meidandi fyrir hinn stefnda, og er hegningin fyrir þau, sem rjettilega er ákveðin af undirdómaranum eptir 219. gr. hegningarlaganna, eigi of hátt sett 20 kr. sekt, er þó ber að eins að afplána með 6 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Yfirdómurinn fellst á ákvæði undirdómsins um ómerkning hinna átöldu ummæla og um málskostnað, og ber áfrýjanda einnig að greiða stefnda 10 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði gestarjettardómur á óraskaður að vera, þó svo, að varahegningin skal ákveðin að eins 6 daga einfalt fangelsi. Áfrýjandinn greiði stefnda 10 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans, sæti ella aðför að lögum.